



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.



Fréttabréf



Desember 2012 · 1. tölublað · 15. árgangur

Hallveigarstig 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

*Gledilega jólahátíð
og heilbriggt komandi ár
megi ljós og friður
lifa með okkur öllum*

**Starfsfólk Félagsbústaða
þakkar samstarfið á árinu**

Leigumarkaður

Talsverð og vaxandi spenna hefur ríkt á leigumarkaði íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu undanfarin tvö ár sem leitt hefur til aukinnar eftirspurnar með tilheyrandi hækkun leiguverðs á almennum markaði.

Frá því Þjóðskrá Íslands tók að skrá leigu á almennum markaði með skipulegum hætti í ársbyrjun 2011 hefur leiguverð fram til október s.l. hækkað um 18,4% miðað við 8,5% hækkun neysluvísitölu yfir sama tímabil. Síðastliðna 12 mánuði hefur markaðsleiga hækkað um 8,7% miðað við 4,1% hækkun neysluvísitölu.

Orsök þessarar þróunar á leigumarkaði má í meginatriðum rekja til þess að nýbygging íbúðarhúsnæðis, sem nánast lagðist af á árinu 2008, hefur ekki tekið við sér að neinu marki auk þess sem samningum um kaup íbúðarhúsnæðis hefur fjölgað til muna. Þá hefur fjölgun íbúa á svæðinu ásamt fjölgun námsmanna á húsnæðismarkaði og fjölgun ferðamanna

yfir lengri tíma ársins einnig stuðlað að þessari þróun á leigumarkaði.

Áform um byggingarframkvæmdir á vegum Félagsstofnunar stúdenta, Búseta í Reykjavík og annarra framkvæmdaaðila gefa hins vegar vonir um að jafnvægi geti skapast á leigumarkaði í borginni á næstu árum. Einnig gæti, ef vel tekst til, endurbætt húsnæðisbótakerfi stuðlað að eflingu leigumarkaðarins með stofnun fasteignafélaga um útleigu íbúðarhúsnæðis sem nú eru í eigu fjármálastofnana.

Hjá Félagsbústöðum verður áfram lögð áhersla á að fjölga litlum íbúðum enda í samræmi við biðlista umsækjenda eftir félagslegum leiguíbúðum hjá Velferðarsviði borgarinnar. Lítið er hins vegar til af litlum íbúðum á fasteignamarkaði í borginni í dag og ekki útlit fyrir að sú staða breytist fyrr en nýbygging íbúðarhúsnæðis fer aftur í gang.



FÉLAGSBÚSTAÐIR.is



Árangursríkt eldvarnarátak

Frá árinu 2008 hafa VÍS og Félagsbústaðir unnið saman að því að efla brunavarnir og upplýsa leigjendur sem best um eldvarnir hjá sér og í sínu



nærumhverfi. Með samstilltu átaki hefur brunatjónum hjá Félagsbústöðum og leigjendum þeirra fækkað verulega á nokkrum árum. Eða úr um 20 á ári í eitt það sem af er 2012 sem er frábær árangur.

Flestir brunar á heimilum verða í desember og janúar fylgir þar fast á eftir. Þetta eru mánuðir kerta, sería og flugelda sem flestir vilja njóta og gera það ef öryggið er haft að leiðarljósi.

A hverju heimili eiga að vera reykskynjarar, eldvarnarteppi og slökkvitæki en einungis 43% íslenskra heimila búa svo vel. Til að tryggja öryggi

fjölskyldunnar er mikilvægt að þetta sé allt til staðar og reykskynjari á hverri hæð og í öllum herbergjum með rafmagntækjum. Eins er hægt að sýna nákomnum sem ekki eru með nægar eldvarnir á heimili sínu umhyggju og gefa reykskynjara í jólagjöf. Gjöf sem getur skilið á milli lífs og dauða ef kviknar í.

Af þessu tilefni gefur VÍS öllum leigjendum jólagjöf í formi rafhlöðu líkt og þeir hafa gert síðustu þrenn jól. Rafhlaðan er í hátíðlegum umbúðum og vonast Félagsbústaðir og VÍS til þess að gjöfin hjálpi til við að stuðla að öruggum og gleðilegum jólum.



Eldvarnarsamstarfið skilar frábærum árangri

Fagrberg afhent

FASTEIGNIR Í samræmi við viljayfirlýsingu frá árinu 2009 hafa Félagsbústaðir keypt 12 litlar íbúðir að Hólabergi 84 af *Félagi eldri borgara* í Reykjavík. Samkvæmt sérskilmálum um úthlutun íbúðanna eru þær ætlaðar fólki 67 ára og eldri.



Íbúðirnar eru hluti af nýbyggðu 49 íbúða fjölbýlishúsi sem ber nafnið Fagrberg og er það tengt þjónustu- og menningarmiðstöð Reykjavíkurborgar að Gerðubergi í Efra-Breiðholti.

Íbúðirnar eru 10 tveggja herbergja og tvær einstaklingsíbúðir og verða þær afhentar 20. desember n.k.

Hátíð í bæ

JÓLAKVEDJA Senn líður að jólum og áramótum. Á þessum hátíðlega tíma ársins myndast oft mikið drasl og sorp tengt jólahreingerningum, auglýsingapésnum gjafapappír o.s.frv. Eru leigjendur beðnir að gæta þess að stífla ekki sorprennur með of miklu magni af drasli eða sorpi sem er of stórt fyrir rennurnar.

Þá ber að taka það fram að skrifstofa Félagsbústaða hf. er opin föstudaginn 21. desember til kl. 16:00 og alla virka daga á milli jóla og nýárs.

Félagsbústaðir hf. óska öllum sínum leigjendum og samstarfsaðilum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir samstarfið á líðandi ári.



Símatímar Félagsbústaða

Þjónustudeild - kl. 9:00- 10:00

í síma 520-1500 alla virka daga.

Innheimtustjóri – kl.11:00-12:00

í síma 520-1500 alla virka daga.

Bilanatilkynningar – kl.13:00-15:00

í síma 557-9664 alla virka daga.

Útgefandi:  FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.
Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.
Sími:520-1500 - Fax:520-1516
Upplag: 2300 eintök
Ábyrgðarmaður: Sigurður Kr. Fríðriksson
www.felagsbustadir.is